

STJÓRNARFUNDUR FORELDRA- OG HOLLVINAFÉLAGS ME, HALDINN 9. OKTÓBER 2017 KL 17:00

Staðsetning: Fundarsalur ME.

Fundinn sátu: Björn Ingimarsson, Steinunn Snædal, Guðný Drífa Snæland, Erna Jóhanna Erlendsdóttir og Árni Ólason. Jónína Jónsdóttir boðaði forföll

Steinunn Snædal stýrði fundi og Björn Ingimarsson ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Stjórn skiptir með sér verkum

Samþykkt að verkaskipting yrði eftirfarandi:

Formaður:	Steinunn Snædal
Gjaldkeri:	Guðný Drífa Snæland
Ritari:	Björn Ingimarsson
Fulltrúi í skólanefnd ME:	Steinunn Snædal

2. Fundartími stjórnar á komandi vetri.

Formanni falið að gera tillögu að fundartíma í ljósi umræðu á fundinum. Formaður boði til funda.

3. Verkefni og staða mála.

Árni Ólason, skólameistari ME, mætti og gerði grein fyrir því helsta sem er í gangi og framundan:

- Fram kom að búið er að senda út kröfur vegna félagsgjalda fyrir veturinn.
- Búið að ráða leikstjóra vegna leikverksuppsetningar Leikfélags Menntaskólans en sett verður upp verk eftir Hallgrím Helgason í lok febrúar.
- Ball 27. október og ákveðið að senda út tilkynningu á foreldra fljótlega með hvatningu um þátttöku í foreldravakt og síðan í sömu viku og ballið verður.
- Fundur var haldinn nýverið í skólanefnd ME. Skipað verður að nýju í skólanefnd að nokkru leyti.
- Ákveðið að bjóða fulltrúa stjórnar nemendafélagsins á næsta fund stjórnar foreldrafélagsins.

4. Önnur mál.

Lagt fram erindi frá hinseginfélagi ME þar sem fram kemur ósk um kynjalaus klósett í skólanum og bent sérstaklega á tvö salerni sem eru á neðri hæð skólabyggingarinnar. Samþykkt að leggja til að gerð verði könnun á meðal nemenda varðandi málið.

Rætt um að skoða mögulega aðkomu fyrirtækja og stofnana að Edrúpottinum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:45.